



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartún 26
105 Reykjavík
urn@urn.is

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 2. júlí 2025

Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins um drög að uppfærðri stöðuskýrslu um innleiðingu Árórsarsamningsins

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að uppfærðri stöðuskýrslu um innleiðingu Árórsarsamningsins, mál S-96/2025, sem birt var í samráðsgátt þann 2. júní 2026. Málið varðar uppfærslu á stöðuskýrslu um innleiðingu Árórsarsamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

Um er að ræða fjórðu stöðuskýrslu Íslands um innleiðingu samningsins en mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan samningurinn öðlaðist gildi árið 2011 og þá sérstaklega með tilliti til stöðu raforkumála. Fólksfjölgun, ný atvinnustarfsemi og orkuskipti kalla á aukna raforkuframleiðslu en samtökin hafa í því samhengi ítrekað bent á yfirvofandi raforkuskort. Samkvæmt nýjustu raforkuspá Landsnets gæti eftirspurn aukist um allt að 116% til ársins 2050, með viðvarandi orkuskortu bæði fram til 2029 og eftir 2040. Skerðing á afhendingu raforku hefur þegar valdið efnahagslegu tjóni fyrir samfélagið og hafa greiningar sýnt fram á milljarða króna tap í útflutningstekjum.¹ Samtökin hafa lagt áherslu á að einfalda og flýta leyfisferlum fyrir fjölbreytta orkugjafa til að tryggja stöðugt framboð raforku og efla verðmætasköpun í landinu.

Samráð við hagaðila er mikilvægur liður í því að tryggja gagnsæi ásamt því að veita aðilum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa þannig áhrif á ákvörðunartöku opinberra aðila. Er það sérstaklega mikilvægt í umhverfismálum þar sem traust og gagnsæi er lykilforsenda að upplýstri ákvörðunartöku fyrir nærsamfélagið. Samtökin benda þó á að of víðtækar heimildir til íhlutunar geta lengt ferli úr hófi sem geta haft hamlandi áhrif á uppbyggingu og þróun líkt og dæmi eru um. Að mati samtakanna er mikilvægt að tryggja að ákvæði alþjóðasamninga, eins og Árórsarsamningsins, séu ekki misnotuð til að skapa óparfa tafir. Slíkt skapar ófyrirsjáanleika og eykur líkur á að uppbyggingaraðilar dragi úr þátttöku sinni.

Lög nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála tryggja frjálsum félagasamtök kæruaðild sbr. 4. gr. laganna. Þá má finna fleiri sérreglur um kæruaðild umhverfisverndarsamtaka og hagsmunasamtaka á sviði löggjafar um umhverfis- og skipulagsmála. Samtökin hvetja stjórnvöld til að rýna málsmeðferðarfresti með tilliti til skilvirkni. Að mati samtakanna er brýnt að kærufrestir séu ekki óhóflega langir, enda skiptir skjótt og skilvirkt ferli miklu máli fyrir atvinnulífið í heild. Í því samhengi er mikilvægt að stjórnvöld leggi kapp á skilvirka málsmeðferð með tillit til nýtingu fresta, þ.e. að frestir séu ekki fullnýttir nema raunveruleg þörf sé á og að stjórnvöld fari ekki yfir slíka fresti. Í þeim tilvikum þar sem frávisunarástæður eru fyrir hendi skal hraða afgreiðslu máls eins og kostur er. Í þeim tilvikum

¹ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Greining-SI_Tapadar-utflutningstekjur-vegna-raforkuskerdingar-17-05-2024.pdf



Þar sem ekki er um málsmeðferðartíma stjórnvalda að ræða heldur umsagnarfresti samkvæmt Árósasamningnum, er ástæða til að hvetja stjórnsýsluna til að hraða afgreiðslu mála. Slíkt myndi stuðla að aukinni skilvirkni og sanngirni í ferlinu, án þess að skerða rétt almennings á aðkomu að umhverfismálum.

Að lokum vilja samtökin benda á að íhlutun vegna víðtækra aðildarheimilda og fresta getur haft í för með sér neikvæð áhrif á atvinnu, skatttekjur og innviðapróun. Þá má ekki líta fram hjá því að hætta er á að samfélagslega mikilvæg verkefni fari forgörðum eða standi í bið vegna óvissu óþarflega lengi með tilheyrandi kostnaði. Að þessu sögðu eru samtökin reiðubúin til frekara samtals og samráðs um málið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Lilja Björk Guðmundsdóttir

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Kristín Þöll S. Sigurðardóttir